

AÐSENDAR GREINAR

Vinafélag Sjúkra- húss Reykjavíkur

VINAFÉLAGIÐ er búið að starfa í rúm 14 ár, lengst af undir nafninu „Félag velunnara Borgarspítalans“. Félagar eru hátt á annað hundrað. Stjórn er skipuð 7 mönnum og trúnaðarmannaráð er skipað 12 mönnum. Aðalfundur er haldinn í mars ár hvert, með stjórnarkjöri, trúnaðarmannakjöri, yfirferð og samþykkt á ársreikningum, og umræðum um verkefni næstu mánaða. Fjárfelunarleiðir eru oft ræddar svo og hvernig fjölga mætti félögum eða stuðningsmannaliði. Enn eru félagsgjöldin drjúgur þáttur í fjárfeluninni.

Á stofnfundi félagsins, sem haldinn var 10. febrúar 1983, voru samþykktir félagsins einnig samþykktar. Aðalatriði samþykktanna eru:

Félagið beitir sér fyrir því að:

1. Bæta hvers kyns aðstöðu sjúklinga, sem á einhvern hátt njóta þjónustu Sjúkrahúss Reykjavíkur og stuðla að því að þeir fái sem besta og hagkvæmasta lausn á sín-

**Mörg og stór verkefni bíða, segir Reynir Ármannsson, m.a. útveg-
un tækis sem auðveldar endurteknar liðaðgerðir.**

um heilbrigðisvandamálum og að sem flestir sem á þurfa að halda geti notið þeirrar þjónustu.

2. Bæta og efla allskyns þjónustu, svo sem lækningar, endurhæfingu og vísindastarfsemi á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og stuðla að því að sú þjónusta megi hverju sinni vera sem árangursríkust og til fyrirmyndar.

3. Efla og styrkja hverskonar fyrirbyggjandi starfsemi í heilbrigðismálum innan veggja Sjúkrahúss Reykjavíkur, svo og utan, í samvinnu við önnur hagsjónasamtök eftir mati stjórnar hverju sinni.

4. Stuðla að auknum skilningi almennings og stjórnvalda á starfsemi Sjúkrahúss Reykjavíkur með málefnalegri kynningu og umræðu. Fylgjast með þróun Sjúkrahúss Reykjavíkur og einstakra þjónustuþátta þess og gera tillögur til úrbóta eftir því sem ástæða þykir til.

5. Stuðla að því að Sjúkrahús Reykjavíkur sé aðlaðandi og vinsæl vinnustaður og að vinnuáðstaða þar sé jafnan sem best.

Til þess að hægt sé að fylgja eftir háleitum markmiðum er fjármagn nauðsynlegt. Og oft kemur upp spurningin af hverju hið opinbera geri ekki hlutina?

Sjónarmið okkar hjá VSR er að það muni alltaf verða svo að það fjármagn sem hið opinbera getur veitt til þessa rekstrarþátta, það



Reynir Ármannsson

er umönnun sjúkra, mun aldrei duga fyrir öllum þörfum og að alltaf verði að raða verkefnum til lausnar í einhverja óskaröð.

Þau verkefni sem að jafnaði verða aftast eru þau verkefni sem VSR mun reyna að finna lausn á.

Verkefni

Allskonar verkefni hafa komið upp, og allskonar lausna verið leitað. Við höfum unnið með Rauða krossinum,

kvennadeildinni í Reykjavík og Odd-fellowum og við höfum farið í sérstaka fjárfelunarleiðangra út af ákveðnum verkum, við höfum selt bók sem félagið gaf út, í Kolaportinu og í Hagkaup, það er bókin „Listin að lifa með kransæðasjúkdóm“ og vakið athygli á uppátækinu með því að mæla blóðþrýsting jafnframt hjá þeim sem vildu.

Félagið hefur líka fengið góðar gjafir bæði til ákveðinna verkefna og til frjálsra afnota. Þá hefur samstarfið við stjórnendur spítalans verið með ágætum og þeir kostað vissa skrifstofuvinnu með sínu fólki. En öll vinna félagsmanna í VSR hefur verið unnin í sjálfböðavinnu.

Gegnumsnæitt hefur félagið ekki farið inn í verkefni sem eru endurtekin ár eftir ár, en þó eru tvö verkefni slík, það er skógrækt í kringum spítalanum, sem hefur verið árvið atburður undanfarin 6–8 ár, og er nú farin að sýna árangur og svo hinsvegar að koma með litlar gjafir til þess fólks sem er við störf aðfangadag jóla.

Félagið lét einnig frá sér heyrar þegar rætt var um sölu spítalans, sölu Hafnarbúða og þegar áformað var að draga úr byggingarhraða á B-álmu Borgarspítalans.

Félagið hefur komið því til leiðar að innréttað var sérstakt herbergi í tengslum við slysadeild fyrir aðstandendur þeirra sem í slysum lenda, og lagði til búnað, einnig tók félagið þátt í að innrétta kapellu á fyrstu hæð spítalans, en Oddfellowar sáu um mestan hluta þess verks.

Þá lagði félagið til lýsingu í þyrlupall spítalans.

Allskonar tæki hafa og verið gefin spítalanum, þau stærstu voru aðgerðasmásjá og svo Kusa-tæki, en einnig mikið af minni tækjum. Hljóðfæri og hljómflytningstæki hafa verið gefin á margar deildir einnig video bæði fyrir sjúklinga og þjálfung þeirra sem sjúkrahjálfun fá á Grensá sí svo og tölva í sama tilgangi.

Félagið hefur einnig útvegað listafólk við ýmis tækifæri, sem hefur skemmt með söng og tónlistarflutningi.

Lokaorð

Mörg og stór verkefni bíða, m.a. útvegum tækis sem á að auðvelda endurteknar liðaðgerðir. Söfnun í það verkefni hefur staðið lengi og víða verið leitað aðstoðar. Margir hafa brugðist mjög vel við, en svo sem vitað er hafa orðið þau alvarlegu slys undanfarin tvö ár að við ákváðum að draga okkur í hlé, því að það er auðvitað takmarkað sem hinn almenni borgari getur látið til lífnarmála.

Verkefnin eru geymd en ekki gleymd.

Stjórn VSR þakkar öllum þeim sem hafa lagt þeim málum lið sem fengist hefur verið við. Stjórnin vonar að þau mál sem upp verða borin á næstunni fái hljómgrunn hjá almenningi eins og hingað til og mun takast á við verkefni morgundagsins af sama hug og hingað til.

Höfundur er pósthultrúi.

Goðsögn um glansmynd

Í LESBÓK Morgunblaðsins 1. mars skrifar Sigurjón Baldur Hafsteinsson grein undir fyrirsögninni Glansmyndir fyrr og nú. Aðalinn-tak hennar er að mæra sjónvarpsþættina Þjóð í hlekkjum hugarfarsins frá 1993 sem eigi að hafa afhjúpað blekkingu í einhverri glansmynd og goðsögnum sem þjóðin hafi gert af sjálfri sér á umliðnum öldum. Maður sem hefur bráðum lifað tvo þriðju hluta 20. aldar og auk þess grufað helming þess tíma í svokallaðri menningarsögu hlýtur að spyrja hvar þá glansmynd sé að finna.

Ekki þurfti neitt fjögurra klukkustunda sjónvarpsrugl, segir Árne Björnsson, til að benda á fátækt og kúgun íslenskrar alþýðu.

Vissulega mærdi menn landnáms- og söguöldina eftir að rómantík komst í tísku og einna fyrstur til þess var Jónas Hallgrímsson í eggjunarkvæði sínu Íslandi:

Þá riðu hetjur um héruð og skrautbúin skip fyrir landi
flutu með fríðasta lið færandi varninginn heim.

Norranir og þýskir rómantíkerar voru samt enn áfjádari að vegs-ama þessa „gullöld Íslendinga“. Margir þeirra vildu jafnvel trúa því að Íslendingar samtímans væru lifandi eftirmyndir hinna glæsilegu söguhetja og urðu fyrir sárum vonbrigðum þegar þeir komust að hinu gagnstæða með eigin augum.

Sveitasælurómantík gætti einnig töluvert í skáldskap kringum síðustu aldamót. Þar var annarsvegar


á ferðinni ósköp venjuleg fortíðarþrá borgarbúans eftir bernsku sinni og hinsvegar viðleitni til að sætta menn við búsetu í harðbýlu landi. Segja má að Halldór Kiljan hafi afgreitt sveitarómantíkina með Sjálfstæðu fólki um miðjan 4. áratuginn. Um svipað leyti yrkir Jakob Jóh. Smári af raunsæi í sonnettu sinni um Þingvelli:

Minning um grimmd og göggi, þrek og sár
geymist hér, þar sem heilög vein stóðu –
höfðingjans stolt og tötraþrælsins tár
sem tími og dauði í sama köstinn hlóðu.

Öldum saman er naumast hægt að muna eftir nokkurri stöðugri glansmynd sem gerð hafi verið af þjóðinni, eftir að 11. öld sleppir, nema ef vera skyldi nokkurt stolt af þeirri staðreynd að þjóðin skyldi lifa af allar þrengingar þrátt fyrir allt. Fjallkonan var aldrei ímynd þjóðarinnar, heldur landsins, og upphafsmaður hennar, Eggert Ólafsson, túlkar hana aukinheldur fremur raunalega.

Ekki einu sinni auglýsingapésar ferðaskrifstofa á síðara hluta 20. aldar gefa neina glansmynd af þjóðinni. Þær draga sem vonlegt er miklu heldur fram hlut landslags en þjóðar. Helsta heimild Sigurjóns að glansmyndum Íslendinga af sjálfum sér virðist raunar ekki vera annað en nýlegur pirringur í einhverjum dönskum blaðamanni, sem finnst jafnvel að Íslendingar miklist af gáfuðum stjórn málaforingjum!

Mikill meirihluti Íslandssögunnar frá 13. öld og fram um 1900 var jafnan túlkaður sem óslitin eyrmyndartíð, og stundum var kannski gengið óþarflega langt í því efni. Íslandssaga Jónasar frá Hriflu, sem



Árni Björnsson

flest íslensk börn lærðu í hartnær hálfa öld, hélt þessum eyrmyndarsöng, mjög á loft. Jónas og Jón Aðils kenndu hinsvegar Dönum um alla eyrmyndina, en þöguðu um ávirðingar íslenskra stórbænda.

Upphafning bændaþjóðfélagsins var á sama hátt nánast óþekkt fyrirbæri, áður en Jónas frá Hriflu tók að beita henni fyrir sig í pólitískri baráttu

sneyma á 20. öld. En jafnvel hann dró aldrei upp neina glansmynd af fortíð þjóðarinnar eftir að söguöld lauk. Á hinn bóginn hefur það verið tíska í nokkra áratugi að sýna íslenska bændur helst ekki nema sem afkáralegar grínfigúrur í leikritum og kvikmyndum.

Ekki þurfti neitt fjögurra klukkustunda sjónvarpsrugl til að benda á fátækt og kúgun íslenskrar alþýðu, sem lesa má í öllum haldbærum heimildum um sögu Íslands. Í fyrrnefndum þáttum var hinsvegar að einu leyti brotið gegn allri sagnfræðilegri skynsemi: Voðaverk, sem getið er í annálum, af því að þau eru óvenjuleg og þessvegna annálsvörð, voru túlkuð sem almenn regla og af því dregnar margar skrifnar ályktanir.

Áður en farið verður að draga ályktanir um orsakir þess að sumir virðast á síðustu árum farnir að búa til goðsagnir um stöðuga glansmynd Íslendinga af fortíð sinni, er rétt að ítreka spurninguna, ef mér kynni að hafa yfirsétt eitthvað mikilvægt: Hvar er glansmyndin?

Höfundur er þjóðháttarafræðingur og doktor í menningarsögu.


Svikamylla og strjálbýlisauðn

ÞAD ER stundum ískýggilegt að hugsa til þess hverju dómstólar geta áorkað. Eitt dapurlegasta dæmi síðustu ára er án efa dómur í málinu: Hrönn gegn fjármálaráðherra, „braskkvótamálinu“.

Dómendur Hæstaréttar hefur ekki óráð fyrir því, að sá dómur myndi gera útgerðaraðilum mögulegt að koma sér upp svikamyllum í því skyni að geta breytt gjafakvótanum sem er ófyrirneflegur í braskkvóta, sem fyrrna má um 20% á 8 árum og jafnvel lengur og búa sér þannig aukinn tekjufrádrátt á skattaframtali og gera með því eignastöðu fyrirtækisins betri í skattaframtali og út á við.

Útgerð, sem rekin var með tapi, getur með því að selja kvótann og kaupa hann aftur skapað skattfrjálsan hagnað og jafnframt frestað tapi áfram um ótiltekin tíma. Útgerðaraðilum hlýtur að vera akkur í því, að verð braskkvótans hækki, því það þýðir aukinn frádrátt til skatts. Skattamál útgerðarinnar eru flókin og erfitt að stilla dæmunum upp á einfaldan hátt. Sukkið þar er án efa meira en nokkurn grunar.

Eitt atriði í því sambandi er samruni fyrirtækja eða tengsl, sem auðveldar sölu og kaup á braskkvóta á víxl. Hverju útgerðarfyrirtæki er mikilvægt að komast í skattleysisflokkinn með hina bættu eignastöðu a.m.k. á pappírnum.



Gunnlaugur Þórðarson

Það er furðulegt tilhugsunar, að öll útgerð landsins skuli aðeins greiða kr. 200 milljónir í tekjuskatt á ári.

Fjöldi manna, sem aðeins hafa komið lítilllega nærri útgerð halda kvóta, sem þeir höfðu fengið úthlutað árum saman og fá milljónir í leigu af honum. Nefna má trilluútgerðina, sem var þyrnir í augum stórútgæra- arinnar og var settur stóllinn fyrir dyrnar með kvóta eða króka-

veiðileyfum, sem velja mátti á milli. Þeir, sem voru svo snjallir að velja kvóta, fengu úthlutað 40–70 tonn um í kvóta. Margir þeirra hafa hætt útgerð, en fá eftir sem áður 5–10 milljónir króna, allt að 25 milljónir á ári fyrir kvótaleigu. Auðvitað ættu þeir, sem hættu útgerð að vera skyldugir að skila kvótanum. Kvóti sá ætti að svo búnu að seljast á uppboði.

Braskkvótinn er mjög alvarlegt vandamál. Stórfelld umdeild eignatílfærsla hefur átt sér stað með þjóðinni og á eftir að aukast í skjóli kvótans. Ríkisstjórn og Alþingi horfir á þetta aðgerðalaus líkt og ríkisstjórnin í Albaníu á keðjubréfahneykslið mikla.

Undarleg er sú þögn, sem hvílir yfir alþingismönnum og öðrum pólitíkum í sambandi við braskkvótann, þeir virðast ekki óttast að kvótinn geti orðið aðal kosningamálið í næstu þingkosningum. Niðurskurður kvótans á Flæmska hattinum er tiltölulegt

Braskkvótinn, segir Gunnlaugur Þórðarson, er mjög alvarlegt vandamál.


lítilræði miðað við önnur mistök. Afleiðing hans er óðum að segja til sín á fleiri en einn veg. Nú er verið að selja nokkur þeirra skipa, sem áður veiddu á Flæmska hattinum og þýðir að 400–500 íslenskir sjómenn missa vinnu sína. Þjóðar- tekjur minnka um milljarða. Í staðinn fá aðrar þjóðir, einkum Rússar, þá vinnu, sem íslenskum höndum hentaði.

Einn þáttur í starfi stórútgæra- arinnar hlýtur að vera nokkurt áhyggjuefni, sem er útgerð, verksmiðjurekstur og önnur skyld starfsemi erlendis. Hætt er við að útgerðin leiti til þeirra svæða í útlöndum, þar sem skattar eru undir 33% og íslenska þjóðin beri minna úr bótum af þeim atvinnurekstri en ella og stöðugt færri íslenskar hendur vinni þjóðinni.

Þá hlýtur það, að vekja ugg með þjóðinni, að braskkvótinn munu í vaxandi mæli færast á færri hendur. Byggð í litlu sjávarþorpunum í strjálbýlinu er í yfirvofandi hættu af að útgerð leggst þar niður. Það verður af, sem áður var, að úrvals- afla verði landað á þeim stöðum.

Sjávarplássinn munu hverfa úr sögunni og verða að draugabörpum, menningararfleifð fyrnist með öllu. Meiri öðfnuður mun skapast í þjóðfélaginu en dæmi eru til áður. Þjóðin verður að halda vöku sinni.

Höfundur er lögmaður.



Hún valdi skartgripinn frá Silfurbúðinni

SILFURBÚÐIN
Kringlunni 8-12 • Sími 568 9066
- Þar færðu gjöfina -